

Héraðsnefnd Árnesinga

52. fundur

haldinn í Ráðhúsi Árborgar
20. júlí kl. 9.00.

Boðað var til fyrsta fundar kjörtímabilsins 2010-2014 hinn 20. júlí 2010. Aldursforseti héraðsnefndar, **Drífa Kristjánsdóttir**, stjórnaði fundi í upphafi, eins og kveðið er á um í samningi um héraðsnefnd.

1. Leitað var eftir tillögum um **kjörnefnd**, og hana skipuðu Ari Thorarensen, Gunnar Þorgeirsson og Guðmundur Þór Guðjónsson. Síðan var gert stutt fundarhlé meðan hún kannaði umboð fundarmanna. Úrskurðaði nefndin alla löglega, 17 aðalmenn og einn varamann.
2. **Kosning oddvita og varaoddvita, kjör í héraðsráð og kjör skoðunarmanna.** Fundarstjóri útskýrði vinnulag héraðsnefndar við nefndaskipanir, - sýslunni væri í raun skipt í 3 hólf; a) Árborg b) Ölfus og Hveragerði c) önnur sveitarfélög í Árnessýslu. Fram kom tillaga um að Gunnar Þorgeirsson yrði oddviti héraðsnefndar og var það samþykkt samhljóða. Gunnar tók síðan við stjórn fundarins. Þakkaði hann traust sér sýnt. Í héraðsráð voru kjörin ásamt oddvita: Aldís Hafsteinsdóttir varaoddviti og Ari Thorarensen. Til vara: Eyþór Arnalds, Gunnar Örn Marteinsson og Sveinn Steinarsson. Skoðunarmenn: Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir og til vara Ingibjörg Harðardóttir og Margrét Sigurðardóttir.
3. Gert var stutt fundarhlé. Kjörnefnd gerði síðan tillögu um **formenn starfsnefnda**. Fjárhagsnefnd: Sandra Dís Hafþórsdóttir. Allsherjarnefnd: Ragnheiður Hergeirsdóttir. Mennta- og menningarmálanefnd: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir. Héraðsráð mun gera tillögu að skipan annarra fulltrúa í starfsnefndir og voru ekki gerðar athugasemdir við þá tilhögun.
4. **Kosning fulltrúa í stjórnir og nefndir** á vegum Héraðsnefndar Árnesinga. Gert var stutt fundarhlé. Eftirfarandi tillögur um stjórnir og nefndir voru síðan bornar upp og samþykktar samhljóða:
Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga:
Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður
Drífa Kristjánsdóttir
Sigríður Lára Ásbergisdóttir
Til vara:
Ari Thorarensen
Eiríkur Ágústsson
Ninna Sif Svavarsdóttir
Stjórn Byggðasafns Árnesinga:
Eva Marín Hlynsdóttir formaður

Inga Lára Baldvinsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Til vara:

Hörður Óli Guðmundsson
Sigurður Steindórsson
Kristín Magnúsdóttir

Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga:

Kjartan Björnsson formaður
Sveinn Steinarsson
Tryggvi Steinarsson
Til vara:
Stefán Jónsson
Þór Hagalín
Sigríður Jónsdóttir

Stjórn Listasafns Árnesinga:

Knútur Bruun formaður
Eyþór Arnalds
Sigurlína Kristinsdóttir
Til vara:

Brynhildur Jónsdóttir
Sigríður Helga Olgeirsdóttir
Anna Björg Níelsdóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Jón Páll Kristófersson
Til vara:

Eyþór H.Ólafsson

Fulltrúi í stjórn Alviðru:

Aðalsteinn Sveinsson
Til vara:

Sveinn Steinarsson

Búfjárefntirlitsnefnd:

Ingibjörg Harðardóttir
Ragnar Magnússon
Helgi Haraldsson

Til vara:

Jón Vilmundarson
Guðmundur Þorvaldsson
Ari Thorarensen

Almannavarnir Árnessýslu:

Hér vísað í fyrri samþykktir: Starfandi framkvæmdastjórar sveitarfélaganna skipa stjórn nema annað sé ákveðið.

Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar Árnesinga:

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri í Árborg.

Ritari:

Halla Guðmundsdóttir.

5. Önnur mál.

Drífa Kristjánsdóttir hóf máls á **yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna**, hversu miklu varðaði að vel tækist til. Tóku fundarmenn almennt undir það og voru sammála um að tíminn væri naumur og nauðsynlegt að sem fyrst lægi ljóst fyrir hverjir ætluðu að standa saman að verkefninu hér á Suðurlandi og ekki síður hvaða form ætti að vera á slíku. Töldu fundarmenn nauðsynlegt að að oddviti héraðsnefndar hefði samband við formann SASS hið fyrsta, til að fyrstu skrefin yrðu samstíga, og kappkosta aðvanda undirbúningsvinnu flutningsins á allan hátt.

Einnig var ákveðið að héraðsnefnd stæði fyrir **kynningarfund** sveitarstjórnarmála fyrir nýja sveitarstjórnarmenn.

Eyþór Arnalds minnti á nýlega **samanburðarathugun á kostnaði við heilbrigðisþjónustu** sem unnin var fyrir sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur. Þar kemur fram, að ýmis sjúkraþjónusta er ódýrari og hagkvæmari á vel búnum sjúkrahúsum á landsbyggðinni en í Reykjavík. Héraðsnefnd Árnesinga hvetur til að þessari athugun verði fylgt fast eftir á opinberum vettvangi, og telur hana verulegt sóknarfæri fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Allflestir fundarmenn tóku til máls um þessi málefni.

Ritari fékk leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð með hefðbundnum hætti.

Fleira var ekki formlega rætt. Oddviti þakkaði fundarmönnum komuna og málefnalega umræðu, kvaðst vænta ánægjulegs samstarfs og sagði fundi slitið.

Halla Guðmundsdóttir
ritari Héraðsnefndar Árnesinga.

Eftirtaldir héraðsnefndarmenn sátu fundinn
allan eða að hluta:

Gunnar Þorgeirsson
Gunnar Örn Marteinnsson
Ragnar Magnússon
Drífa Kristjánsdóttir
Aðalsteinn Sveinsson
Sveinn Steinarsson
Stefán Jónsson
Eyþór H. Ólafsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ragnheiður Hergeirsdóttir
Helgi S. Haraldsson
Þórdís Eygló Sigurðardóttir
Eggert V. Guðmundsson
Elfa Dögg Þórðardóttir
Eyþór Arnalds
Ari Thorarensen
Guðmundur Þór Guðjónsson
(sign)